



Lýsing og matslýsing vegna breytingar aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar 2003-2015.

Eftirfarandi **lýsing** er gerð í samræmi við 30. grein skipulagslaga vegna breytingar á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2003-2015. Fyrirhuguð breyting er vegna lagningar 66kV jarðstrengs og ljósleiðara Landsnets hf og 19 kV jarðstrengs á vegum RARIK milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur. Sá hluti lagningarinnar sem liggur um Grundarfjarðarbæ er um 12 km að lengd. Framkvæmdinni er ætlað að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu. Strengirnir eru tilkynningarskyldir í samræmi við lið 3.b. í 2. viðauka laga númer 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Aðal- og deiliskipulag eru því matskyld á samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Landsnet hefur falið verkfræðistofnunni EFLU að vinna að greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Lýsing þessi og umhverfislýsing eru byggðar á drögum tilkynningar.

Í aðalskipulagi Grundarfjarðar voru jarðstrengir og loftlínur sýnd á kortum. Breytingin mun taka til sveitarfélagsuppráttar og þéttbýlisuppráttar. Á uppráttum, sem sýna aðstæður fyrir og eftir breytingar, verða greinargerðir og umhverfisskýrslur. Hugsanlega þarf að gera breytingar á deiliskipulagi og ef þörf reynist á því, þarf einnig að gera umhverfisskýrslu. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi að gera lýsingu vegna hugsanlegra deiliskipulagsbreytinga, enda verði deiliskipulag í öllum megin atriðum í samræmi við lýsingu á aðalskipulagsbreytingu og sjálfa aðalskipulagstillöguna. Leitast verður við að hafa aðalskipulagsbreytinguna það nákvæma að bæjarstjórn geti veitt framkvæmdaleyfi í samræmi við 14. grein skipulagslaga, að því tilskildu að ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu verði á þann veg að framkvæmd verði ekki matskyld.

Tilgangur með framkvæmdinni er tvíþættur. Annars vegar þarf að styrkja raforkuflutningskerfið á Snæfellsnesi, sem nú er geislatengt. Hins vegar er um að ræða endurnýjun á 19 kV háspennulínu RARIK milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur með jarðstreng. Framkvæmdasvæði er innan tveggja sveitarfélaga, Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar. Framkvæmdasvæði í Grundarfjarðarbæ er frá tengivirki ofan við bæinn í Grundarfirði. Þaðan verður lega með göngustíg og gömlum vegi, með reiðleið sunnan Lárvaðals og með þjóðvegi að sveitarfélagsmörkum í Búlandshöfða.

Lega strenglagningar verður um syðsta hluta **hverfisverndarsvæðis** í landi Kirkjufells, sunnan Kirkjufellsvaðals. Setlög í Búlandshöfða eru á **náttúruminjaskrá**, en strenglöggnin mun ekki raska setlögum.

Samráð hefur verið við Vegagerðina um legu og útfærslu á ákveðnum stöðum og verður samráði haldið áfram. Haft verði samráð við UST um legu og frágang um Búlandshöfða og við Fiskistofu vegna þverunar um ár. Einnig verði haft samráð við Minjavörð Vesturlands.

Efnistaka. Nota þarf sand eða fingerða mól næst strengjum. Stefnt er að því að efni verði eingöngu tekið úr námum sem eru þegar opnar. Að öðru leyti verður uppgröftur notaður til lokunar skurðs.

Matslýsing.

Framkvæmd sem breyting aðalskipulags fjallar um fellur undir lög um umhverfismat áætlana og verður gerð umhverfisskýrsla sem verði hluta skipulagstillögu. Helstu áhrif á umhverfi eru fólgin í að grafa þarf skurð sem verður að mestu við núverandi stíga og vegi. Heildardýpt skurðs verður um 1 m og breidd í botni um 1 m og heildarbreidd á yfirborði verður innan við 2 m. Auk þess raskast svæði meðfram skurði. Við skurðgröftinn verður leitast við að raska ekki öröskuðu landi, með því að vanda val á legu. Megin hluti af uppgreftri verður notaður sem fyllingarefni. Flytja þarf sand að til að leggja með strengjunum og fjarlægja þarf hluta fyllingarefnis. Í lok verks verður gengið frá yfirborði lands, grasfræi sáð þar sem land er gróið og gengið frá jarðraski í samráði við bæjarstjórn, landeigendur og UST eftir því sem við á. RARIK stefnir á að endurnýja 19 kV háspennulínu samhliða lagningu 66kV jarðstrengs og ljósleiðara Landsnets hf. Loftlína RARIK verður fjarlægð að framkvæmdum loknum og hefur það jákvæð áhrif á umhverfið.

Helstu áhrif af framkvæmd fyrirhugaðrar skipulagsáætlunar:

- Áhrif á mannlíf í Grundarfjarðarbæ verða hverfandi, að öðru leyti en því að öryggi varðandi rafmagn eykst.
- Rask verður meðfram stígum og vegum meðan á framkvæmd stendur. Gengið verður frá yfirborði að framkvæmd lokinni og leitast við að fella það að umhverfi.
- Efni til lokunar skurðs verður fyrst og fremst uppgreftarefni, ásamt sandi til að verja lagdir.
- Áhrif á gróður, jarðfræðiminjar og landslag eru hverfandi, því lega skurðs verður felld að stígum og vegum. Ekki er vitað til þess að verndaðar jarðminjar séu á strengjaleiðinni. Lögnin er innan helgunarsvæða við vegi og fer hvergi um öröskuð mýrarsvæði. Eina plantan sem er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands og gæti verið á framkvæmdasvæðinu er Stefánssól.
- Ekki er talið að framkvæmdin hafi nein áhrif á fugla- eða dýralíf nema meðan unnið er að framkvæmdum. Sú truflun verður hverfandi, á takmörkuðu svæði og varir í skamman tíma meðan á framkvæmdum stendur.
- Þar sem ár verða þverðar skal hafa samráð við Fiskistofu.
- Svæði 225, setlög í Búlandshöfða er á náttúruminjaskrá. Lögnin mun liggja með vegi um Búlandshöfða en setlögum verður ekki raskað.
- Ekki er gert ráð fyrir að neinar minjar raskist vegna framkvæmdarinnar.
- Framkvæmdin hefur óveruleg umhverfisáhrif í för með sér og þau eru staðbundin.

Kynningarferli:

Haft verður samráð við Skipulagsstofnun vegna lýsingar/matslýsingar þessarar í samræmi við 30. grein skipulagslaga. Lýsingin verður kynnt fyrir almenningi á upplýsingavef Grundarfjarðarbæjar og með auglýsingu í staðarblaði. Framkvæmdin kallar hugsanlega á breytingu deiliskipulags, en lögnin liggur utan við það tveggja deiliskipulagssvæða, en þverar aðkomuleið að þeim. Ef framkvæmdin kallar á deiliskipulagsbreytingar verði þær í öllum megin atriðum í samræmi við aðalskipulagið og lýsingu þessa og því ekki gerð sérstök lýsing vegna breytinga á deiliskipulagi.

Unnin verði tillaga að breytingu aðalskipulags með umhverfisskýrslu fyrir dreifbýli og þéttbýli (og hugsanlega tillaga að breytingu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu). Tillögumarnar verði kynntar íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum með áberandi hætti. Eftir samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar, verður leitað heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsta tillögur ásamt matsskýrslum í samræmi við 31. grein skipulagslaga. Að loknu auglýsingarferli mun sveitarstjórn senda Skipulagsstofnun fram komnar athugasemdir og umsagnir um þær innan 12 vikna frá því að athugasemdafrestur rennur út í samræmi við 32. grein skipulagslaga.

Lýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2003 - 2015. 1 : 50.000

Hús og skipulag ehf, Bolholti 8, 105 Reykjavík, sími 511 1099, husk@husk.is
Hildigunnur Haraldsdóttir arkitekt F.A.Í.
Sverrir Ásgeirsson hönnuður FVI Dags. 03.04.2012.